

1997

Föstudaginn 6. desember 1991.

Nr. 201/1989. **Konráð Vilhjálmsson**

(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)

gegn

Taki hf.

(Othar Örn Petersen hrl.).

Lausafjárkaup. Gallar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. júní 1989. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hið stefnda hlutafélag krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi ítrekað mótmæli gegn mati því, sem fyrir liggur. Telur hann í fyrsta lagi, að skylt hafi verið að boða sig til dómþings 11. ágúst 1986, þegar dómkvatt var. Á þetta verður ekki fallist, enda er málsefni ekki með þeim hætti, að þörf hafi verið á að gera áfrýjanda viðvart, sbr. 3. mgr. 139. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Þá telur áfrýjandi, að sér hafi ekki verið tilkynnt með fullnægjandi hætti, hvar og hvenær matsgerð skyldi fara fram. Rétt er, að tilkynning um matsgerðina 12. ágúst 1986 var ekki fullnægjandi. Hins vegar ber að fallast á það með héraðsdómara, að tilkynnt hafi verið á fullnægjandi hátt um þann fund matsmanna og aðila, sem til var boðað 22. desember 1987 og haldinn var eftir samráð þeirra, sem hlut áttu að málinu. Þess er og að gæta, að það, sem frá áfrýjanda og lögmönnum hans er fram komið og varðar efni matsins, felur ekki í sér rökstudd andmæli gegn því, sem þar segir um gallana á jarðýtunni, sem um er deilt, eða um fjárhæð tjónsins. Verður matið því lagt til grundvallar um þessi atriði.

Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með tilvísun til forsendna hans, en þó fer um vexti eins og segir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 85.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

1998

Það athugast, að rétt hefði verið að skipa meðdómsmenn í héraðsdóm, sbr. 37. A. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 9. gr. laga nr. 28/1981.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Konráð Vilhjálmsson, greiði stefnda, Taki hf., 295.000 krónur með 27% ársvöxtum frá 12. ágúst 1986 til 19. mars 1987, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1987, 23% ársvöxtum frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 24,5% ársvöxtum frá þeim degi til 14. sama mánaðar, en eftir það með hæstu innlánsvöxtum hvers tíma til greiðsludags samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands. Þá greiði áfrýjandi stefnda 85.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Skagafjarðarsýslu 30. mars 1989.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 3. þ.m., er höfðað fyrir aukabígingu með stefnu, birtri 23. febrúar 1987, af Taki s/f, Vesturbraut 20, Búðardal, gegn Konráði Vilhjálmssyni, Ytri-Brekkum II, Akrahreppi, Skagafjarðarsýslu.

Við munnlegan málflutning lýsti stefnandi yfir breytingum á kröfugerð með samþykki stefnda, og gerir stefnandi endanlega þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 462.639 kr. með 27% ársvöxtum frá 12. ágúst 1986 til þingfestingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, en við munnlegan málflutning féll hann frá öðrum kröfum.

Mál þetta var þingfest 19. mars 1987. Lögmaður stefnda fékk þá frest til 30. apríl til að skila greinargerð. Málið var síðan tekið fyrir 28. september 1987 og 20. október 1987 og því síðan frestað um óákveðinn tíma.

Með bréfi, dags. 25. febrúar 1988, fer lögmaður stefnda þess á leit við sýslumann Dalasýslu, að kveðinn verði upp úrskurður um „mat Gísla Kristjánssonar og Bents Jörgensens, ódagsett, sem fram fór 12. ágúst 1986 skv. dómkvaðningu, ds. 11. ágúst 1986, í matsmálinu Tak s/f gegn Konráði Vilhjálmssyni“. Stefndi gerði þá kröfu, að matið yrði úrskurðað ógilt. Úr-

1999

skurður sýslumanns Dalasýslu var kveðinn upp 27. apríl 1988, og var kröfu stefnda um ógildingu matsins hafnað.

Með kæru, dags. 9. maí 1988, sem barst Hæstarétti 20. s.m., kærði stefndi úrskurð aukadómpings Dalasýslu frá 27. apríl 1988. Gerði hann þær kröfur fyrir Hæstarétti, „að úrskurðinum verði hrundið og matið frá 12. ágúst 1986 í matsmálinu Tak s/f gegn Konráði Vilhjálmsyni verði dæmt ógilt og „sömuleiðis svokallað mat“ frá 22. desember 1986 í sama matsmáli“. Í dómi Hæstaréttar, sem upp var kveðinn 24. júní 1988, segir svo í niðurstöðu: „Gögn málsins bera með sér, að varnaraðili hefur höfðað mál gegn sóknaraðila fyrir aukadómpingi Skagafjarðarsýslu, og er kröfugerð þess máls byggð á mati því, sem deilt er um í þessu máli. Samkvæmt 144. gr. laga nr. 85/1936 heyrir það undir dómara aðalmálsins að meta öll atriði, er varða sönnunargildi matsgerðar. Verður máli þessu því vísað frá aukadómpingi Dalasýslu ex officio.“

Hinn 16. september 1988 var með samkomulagi lögmanna aðila og dómara þingfest í borgardómi Reykjavíkur vitnamál til staðfestingar á mati því, sem fyrir liggur í málinu.

Sökum anna lögmanna aðila, — nefna má, að annar þeirra situr á Alþingi Íslendinga, — gekk erfiðlega að ákveða dag til aðalflutnings. En munnlegur málflutningur var að lokum ákveðinn 3. þ.m., og var málið þá flutt og dómtekið, eins og greinir í upphafi.

Dómari sá, er mál þetta dæmir, fékk það til meðferðar í desembermánuði 1987.

Sáttaumleitanir dómarans hafa ekki borið árangur.

II.

Málavextir.

Framkvæmdastjóri stefnanda og stefndi gáfu skýrslu fyrir dóminum við munnlegan málflutning 3. mars sl. Þá gáfu einnig skýrslu Valgerður Sigurbergsdóttir, eiginkona stefnda, og Sæmundur Jóhannsson bifreiðarstjóri, starfsmaður stefnanda.

Veturinn 1986 varð það að samkomulagi milli aðila, að stefnandi keypti Caterpillar-D7E-jarðýtu, árgerð 1967, af stefnda. Umsamið kaupverð var 1.300.000 kr., er greiða skyldi með beltagröfu af gerðinni JBC, sem stefnandi sagði vera af árgerð 1974, en reyndist vera árgerð 1973, og metin var við kaupin á 800.000 kr., og tveimur skuldabréfum, hvoru að fjárhæð 250.000 kr.

Áður en afsal var gefið út, skoðaði framkvæmdastjóri stefnanda ásamt fleiri mönnum ýtuna, og óskaði hann þá eftir, að gerðar yrðu á vélinni ýmsar lagfæringar, m.a. beltabúnaði. Ekki reyndu menn stefnanda ýtuna að þessu sinni, en stefndi mun hafa keyrt vélina og „rippað“, en ekki ýtt,

þar sem tönnin var ekki á. Skoðun þessi beindist umfram allt að sýnilegum útbúnaði, enda var ákveðið, að menn stefnanda skoðuðu vélina að nýju, eftir að lokið væri þeim lagfæringum, sem stefnandi fór fram á.

Ekki ber aðilum saman um, hvaða ummæli stefndi hafði um hliðardrifin við ofangreinda skoðun. Stefndi kveðst hafa skýrt svo frá, að skipt hefði verið um legur í hliðardrifum fyrir 300-400 vinnustundum, er stefndi var við vegagerð á Holtavörðuheidi, en tannhjól væru gömul og slitin. Framkvæmdastjóri stefnanda heldur því hins vegar fram, að stefndi hafi sagt, að hann hafi skipt um legur í hliðardrifunum haustið 1985, en ekki hafi verið annað athugavert að sjá við hliðardrifin og að ekki þyrfti að hafa áhyggjur af þeim né öðrum hlutum vélarinnar það árið. Mjög á sama veg er framburður starfsmanns stefnanda, sem viðstaddur var fyrri skoðunina. Framkvæmdastjóri stefnanda kannast ekki við, að stefndi hafi talað um, að unnið hafi verið með vélina í 300-400 vinnustundir, eftir að skipt var um legur í hliðardrifunum.

Það var síðan 3. apríl 1986, að framkvæmdastjóri stefnanda kom og skoðaði vélina ásamt vélamanni, sem einnig reyndi ýtuna, þ.e. ýtti og „rippaði“ í nokkra stund. Aðilum kom saman um, að lokið væri þeim lagfæringum, sem um var talað, og var því gengið frá kaupunum og afsal gefið út.

Skömmu eftir að jarðýtan var afhent og þegar fara átti að nota hana (um miðjan maímánuð 1986), skipti stefnandi um olíu á hliðardrifum, eins og venja er á vorin. Er eldri olíunni var tappað af, kom fram mikið sarg (sic) með henni, og runnu þá á stefnanda tvær grímur um gæði drifanna. Lét hann því opna hliðardrifin til að kanna ástand þeirra. Kom þá í ljós, að soðið hafði verið á tannhjólin í drifunum. Taldi stefnandi óforsvaranlegt að nota vélina í þessu ástandi vegna hættu á eyðileggingu drifanna, og var stefnda því strax tilkynnt um ætlaðan galla og hann beðinn að bæta úr honum. Stefndi sinnti því engu og taldi þetta algjörlega vera mál stefnanda. Kveðst hann hafa bent stefnanda á, hvar hann gæti fengið keypt tvö heil samsett hliðardrif fyrir um 50-60.000 kr. Stefndi kveðst hins vegar ekki hafa getað notað þá hluti, þar sem þeir hafi verið allt of grannir.

Með bréfi, dagsettu 11. júní 1986, var stefnda því gerður kostur á að samþykkja riftun á kaupunum og/eða greiða skaðabætur. Ekki sýndi stefndi þeirri málaleitan áhuga heldur, og þar kom, að stefnandi sneri sér til sýslumanns Dalasýslu með bréfi, dags. 10. júní 1986, og óskaði þess, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til að skoða og meta galla í hliðardrifum umræddrar jarðýtu. Segir svo í matsbeiðni um verkefni matsmannanna:

„Þess er óskað, að matsmenn láti í té skriflegt og rökstutt álit á göllum í hliðardrifi vélarinnar báðum megin, þ.e. nákvæma lýsingu drifsins og

ganghluta þess, orsakir gallanna og hvort telja meg, að þeir hafi verið til staðar (sic) við kaupin, hvað er sýnilegt, að gert hafi verið við drifið, og hvernig þeirri viðgerð hafi verið háttað og hvort telja meg hana fullnægjandi. Þá er þess óskað, að matsmennirnir láti í té álit á því, hvort nota meg vélina án frekara tjóns í því ástandi, sem hún er í nú, og hvort telja meg drifið í nothæfu ástandi.

Í framhaldi ofangreinds er þess óskað, að matsmennirnir bæði sundurgreini og láti í té álit á því, hver kostnaður verði við að koma vélinni í nothæft ástand í þeim skilningi, að væntanleg viðgerð drifsins verði varanleg. Í því tilliti er vænst álots á, hvað nýir varahlutir kosti og jafnframt gamlir, ef finna mætti slíka hluti, og hvaða varahluti er nauðsynlegt að kaupa nýja og í hvaða tilvikum gamlir hlutir geti dugað, ef þeir fengjust. Þá er vænst mats á því, hverju viðgerðarkostnaðurinn nemi, bæði við að skipta um varahlutina og annað, er því verki tilheyrir.“

Dómkvaddir voru þeir Gísli Kristjánsson tæknifulltrúi og Bent Jørgensen verkstjóri.

Matið fór fram 12. ágúst 1986 í Búðardal, þar sem jarðýtan var. Stefnda var tilkynnt um matið með skeyti daginn áður en það fór fram. Viðstaddir matið auk matsmanna voru Helgi I. Jónsson, settur sýslumaður, og Hilmar Benediktsson fyrir hönd stefnanda, en af hálfu stefnda var enginn.

Í upphafi matsgerðar segir: „Um er að ræða gamla jarðýtu, og ber hún þess augljós merki, en þrátt fyrir aldur ýtunnar má segja, að verðmæti hennar felist í vélinni og hliðardrifi hennar. Við lauslega skoðun í fyrstu á hliðardrifinu kom í ljós, að nýjum legum hafði verið komið fyrir í drifinu, en tannhjól upprunaleg eða mjög gömul.“

Matsmennirnir höfðu undir höndum teikningar, er lýstu drifinu, og á grundvelli þeirra teikninga var hverju hjóli drifsins lýst og það metið. Lýstu þeir því, sem fyrir augu bar við nánari skoðun:

„*Tannhjól á Pinion nr. 1.* Sjá meðfylgjandi mynd.

Kvarnað er úr tönnum, og eru það bæði ný og gömul kvarnarbrot. Enn fremur hefur verið rafsoðið á gömul slit á tönnum, og teljum við, að hjólið hafi verið ónýtt, áður en rafsoðið var á slitnar tennur þess. Það þekkist ekki, að rafsoðið sé á tennur í hliðardrífum, vegna þess að öll hersla á tönnum hjólsins verður svo misjöfn og það er undir hælinn lagt, hvenær þær brotna, og á viðurkenndum verkstæðum er ekki rafsoðið á tennur tannhjóla.

Millihjól nr. 2. Sjá mynd.

Allar tennur eru mjög slitnar á tannhjólinu, og á sumum þeirra má sjá slit, sem komið er inn fyrir herslu á tönnum, en slíkt gefur til kynna, að ekki hafi verið sett ný tannhjól við eðlilegt viðhald á vélinni.

Tannhjól nr. 3. Sjá mynd.

Rafsoðið hefur verið á allar tennur hjólsins, og hefur öll hersla á tannhjólinu raskast, og er tannhjólið ónýtt til átaka, þegar búið er að rafsjóða á tennur þess.

Öxulhjólið nr. 4. Sjá mynd.

Tennur hjólsins eru mjög slitnar, og eins og á öðrum tannhjólum er komið óeðlilegt slit, þar sem sjá má gömul og ný kvarnarbrot á tönnum. Einnig er átak á tönnum innbyrðis komið úr öllum átakslinum vegna rafsúðu á tennur hjóla á hliðardrifum.

Burðarlegur nr. 5. Sjá mynd.

Burðarlegur á „höbbinu“ eru mjög nýlegar, en legusætin fyrir leguhringi eru mjög slitin, og við það gjóktir legan, sem verkar síðan á öll tannhjól á hliðardrifum til hins verra. Ekki hefði átt að láta legurnar á „höbbið“ nema gera fyrst við legusætin.“

Niðurstöður matsmanna að lokinni skoðun voru eftirfarandi:

„Spurt var um orsakir gallanna, er kaupin fóru fram. Samkvæmt því, sem komið hefur fram, teljum við, að viðgerðin á tannhjólinu í hliðardrifum, eins og hún var framkvæmd, hefði aldrei átt að fara fram. Fyrirsjáanlegt var, að slík vinnubrögð, sem viðhöfð voru við hliðardrif vélarinnar, voru gersamlega gagnslaus og vélin því í ónothæfu ástandi, er kaupin fóru fram.“

Kostnað töldu matsmenn þennan:

„Varahlutir:

Tannhjól nr. 1	kr. 26.635x2	53.270
Tannhjól nr. 2 og 3	kr. 46.273x2	92.546
Tannhjól nr. 4	kr. 90.501x2	181.002
Smurolía, vélavinna og tryggingar		15.000
		353.818

Vinna:

153 klst. á 569 pr. klst.	87.057	
Söluskattur á vinnu 25%	21.764	108.821

Kostnaður alls

462.639“

Matsmennirnir hafa báðir komið fyrir dóm og staðfest efni matsgerðarinnar.

Stefndi mótmælti framlagningu matsgerðarinnar á þeirri forsendu, að

hann hefði ekki verið til hennar boðaður með nægum fyrirvara og því ekki getað lagt fram greinargerð máli sínu til stuðnings. Stefndi hefði verið við vegagerð á Melrakkasléttu, er skeytið var sent að heimili hans í Skagafirði daginn áður en mat átti að fara fram. Því hefði stefndi ekki haft möguleika á að vera viðstaddur matið. Af þessu tilefni fór lögmaður stefnanda fram á það við matsmennina, að þeir bættu úr þeim galla, sem á matsgerðinni var, og skoðun færi fram að nýju, eftir að stefndi hefði verið réttilega boðaður. Því var það, að skoðun fór fram að nýju 22. desember 1986, eftir að stefndi hafði verið boðaður með skeyti, dagsettu 16. s.m., sem eiginkona stefnda hefur borið fyrir dómi að hafa fengið í hendur 17. s.m. Hún kvaðst hafa reynt að ná sambandi við stefnda, sem var við vegavinnu í Guðlaugsvík á Ströndum, en það hefði ekki tekist. Aðspurð sagði hún, að sér hefði ekki hugkvæmst að hafa samband við lögmann stefnda.

Samkvæmt framburði matsmannsins Bents Jørgensens í vitnamáli vegna staðfestingar matsgerðarinnar hafði hann samband símleiðis við lögmann stefnda, bæði áður og eftir að skeytið var sent, en að hans sögn taldi lögmaðurinn sig ekki geta mætt, og því hefði hann boðist til að taka frá honum greinargerð. Lögmaðurinn hefði hins vegar ekki haft neina greinargerð og ekkert fram að færa, og því hefðu matsmennirnir farið „tómhentir vestur“. Lögmaður stefnda sendi matsmanninum Gísla Kristjánssyni skeyti 16. desember og kvaðst ekki geta verið við matið fyrr en 21. s.m.

Um framkvæmd þeirrar skoðunar, sem fram fór 22. desember 1986, segir í greinargerð matsmannanna: „Þegar við komum þann dag til Búðardals, gerðum við úttekt á þeim hlutum, er við áður höfðum metið, en við höfðum farið þess á leit við eiganda jarðóytunnar að halda þeim til haga, þar til málinu lyki.“

Þar eð enginn mætti af hálfu stefnda og engin greinargerð hafði borist frá lögmanni hans, töldu matsmennirnir forsendur matsins frá 12. ágúst 1986 ekki hafa breyst, og stæði það því óbreytt.

III.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur stefnda á þeim rökum, að hliðardriffin hafi, þá er ýtan var afhent, verið með svo verulegum göllum, að stefnandi ætti rétt á skaðabótum úr hendi stefnda samkvæmt 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Um það hefði verið rætt skömmu fyrir kaupin, að ákvörðunarástæða stefnanda fyrir ýtukaupunum væri, að hliðardriffin væru í lagi. Stefndi hafi lýst gæðum drifsins þannig, að hann hafi endurnýjað það eftir vinnu, sem hann hafði tekið að sér á Holtavörðuheidi árið áður. Hafi hann þá tekið driffin í gegn og skipt um legur og annað í þeim, sem hafi verið farið að gefa sig. Stefnandi vill halda því fram, að

viðgerð stefnda hafi falist í því að sjóða í tennur tannhjólanna og skipta um legur. Sú viðgerð hafi verið óforsvaranleg og gagnslaus með öllu, eins og fram komi í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna. Stefndandi hafi hins vegar mátt búast við, að viðgerðin á hliðardrifunum væri forsvaranleg og því í lagi að ráðast í kaupin. Ógjörningur hafi verið fyrir stefnanda að athuga staðhæfingar stefnda, þar sem mikil vinna og tími hefði farið í að opna og athuga hliðardrífín.

Málsástæður stefnda eru þær helstar, að mál þetta snúist um kaup á jarðýtu, sem komin hafi verið allvel á aldur, er kaupin fóru fram. Stefndandi sé allvel vélfróður og vel að sér um jarðýtur sem og aðstoðarmenn hans, hann hafi skoðað ýtuna allvel og verið skýrt frá ástandi hennar eins vel og kostur hafi verið. Stefnanda hafi verið ljóst, að hann hafi verið að kaupa notaða hluti og alla slitna, en hins vegar mismikið endurbætta, og því geti ýtan ekki talist gölluð í þeim skilningi, sem stefndandi vilji vera láta.

Stefndi telur stefnanda bera alla sönnunarbyrði, en ekki sé ljóst, hve mikið vélin hafi verið notuð af stefnanda sumarið 1986, en matið hafi ekki farið fram fyrr en í ágúst 1986. Því geti enginn sagt til um það, hvort stefndandi hafi ekki átt eitthvað sjálfur við tannhjól í hliðardrífum eða að bilunin, sem óljóst sé, hver raunverulega hafi verið, hafi orðið vegna slæmrar meðferðar eða rangrar meðferðar stefnanda á vélinni. Því hefði stefndandi átt að láta meta meinta galla strax, en ekki þegar komið hafi verið fram í ágúst. Verði stefndandi í þessu efni að bera hallann af sönnunarskorti.

Stefndi telur matsgjörð mjög ófullkomna og vill mótmæla því, að hún sé lögð fram í máli þessu, þar sem hann hafi ekki verið réttilega til matsgerðar boðaður og hafi því ekki getað lagt fram greinargerð máli sínu til stuðnings fyrir matsmenn. Stefndi vill sérstaklega mótmæla því, sem fram komi í mati, að það, sem meginmáli skipti um gamlar jarðýtur, sé, að mótór sé heill og hliðardríf (sic), því að aðrir hlutar á jarðýtu skipti einnig miklu máli, svo sem belti og beltabúnaður og önnur atriði.

IV.

Niðurstaða.

Samkvæmt 1. mgr. 140. gr. laga nr. 85/1936 ber matsmönnum að tilkynna aðilum eða umboðsmönnum þeirra, hvar og hvenær matsgerð skuli fara fram. Með hliðsjón af framkvæmd boðunar til skoðunargerðar þeirrar, er fram fór 22. desember 1986, telur dómurinn, að stefnda hafi verið gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum varðandi matið á þann hátt, að fullnægjandi sé. Mótmæli stefnda gegn framlagningu matsgerðarinnar eru því ekki tekin til greina. Stefnanda hefði borið að fá nýtt undirmat, ef hann óskaði mats á atriðum, er þessu mati var ekki ætlað að taka til.

Dómurinn telur með hliðsjón af framlagðri matsgerð, að í ljós sé leitt, að viðgerð sú, sem fram fór á hliðardrifum jarðýtunnar, hafi verið svo sérstök, að þarna sé um galla á drifunum að ræða.

Gallar þeir, sem dómurinn telur í ljós leitt, að hafi verið til staðar við kaupin, eru ekki sýnilegir við skoðun, og ekki er hægt að ætlast til þess, að við skoðun kaupanda á jarðýtu séu hliðardrifin opnuð. Stefnandi mátti því ætla, að viðgerð á hliðardrifum hefði verið forsvaranleg og að þau væru í nothæfu ástandi, þannig, að stefnandi gæti haft venjuleg not af jarðýtunni með hliðsjón af aldri vélarinnar. Grandsemi stefnda skiptir ekki máli varðandi mat á bótaskyldu hans, þar sem líta verður svo á, að um áskilda kosti hafi verið að ræða af hálfu stefnda, sbr. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922.

Í matsbeiðni var m.a. lagt fyrir matsmenn að láta í ljós álit sitt á því, hvort og að hve miklu leyti unnt væri að nota gamla varahluti til að koma umræddri jarðýtu í samningshæft ástand og að meta þann kostnað, sem því væri samfara. Matið byggir hins vegar á því, að keyptir séu nýir varahlutir, en ekkert er fjallað um þann möguleika að nota gamla varahluti. Þykir matið því ekki að öllu leyti verða lagt til grundvallar við ákvörðun skaðabóta. Dómurinn telur bætur stefnanda vegna galla á hliðardrifi hæfilega metnar 295.000 krónur.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Konráð Vilhjálmsson, greiði stefnanda, Taki s/f, 295.000 krónur með 27% ársvöxtum frá 12. ágúst 1986 til 19. mars 1987, en með hæstu innlánsvöxtum af 295.000 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.